Popes Forsög om
Vennskab
paa Islandsk
mig foræret af den
bravre Thorarensen.
Amtmaand i Nord og Østre
Landet
d. 26. Februar 1799
modtog den 22. May 99.
Lemding

Uden Navn sendte jeg han
nemlig Thorlacksen 10 Ex. og
en liden Medaille og Salthmans
Præsenter.
Ikke har nok forauledigt [illegible]
Vert til den ikke sendte Sendes
der staaer. Minerva for
September 1800.
mig – den Hans Havde han ud
nu ej faaet ikke tilsendt men
der var i Anledning af de
af mig i 1798 udsadte Premier.

Tilraun

ad snúa á Islendsku

Pópes

Tilraun um Manninn,

eptir danskri útleggingu.

Af

Jóni Porlákssyni,

Sóknar-presti til Bægisár og Backa
í Vodlu-sýslu.

Lær, madur! sjálfann þig ad þeckja og þennann heim, þecking og elsku Guds ei gleym!

Leirárgørdum vid Leirá, 1798.
Prentud af Bókpryckjara G. J. Schagfjord.

Sonnum

Dygdar og Visdóms Vini

Velbornum

Herra Stephánе

Pengils Amtmanni

Þórarinssyni

Þetta tileinkad

Qvædi sé,

Packlátri

medur audmýkt,

af

einum,

sem prátt

Hann

meira gaf.

Til-

Tilraun
ad ſnúa á Islendſku
Pópes
Tilraun um Manninn,
eptir danſkri útleggingu.

Fyrſta Bréf.
Innrakid:

Inngángurinn frá lín. 1. til 40. I. Ad vjer einaſta kunnum ad álykta frá voru egin ſkapunar kjerfi edur ſamſloran (Syſtema), med thví vjer erum ókunnugir ſamhengi theſs og ſambandi vid adrar ſkapunar kjerfi og adra hluti, lín. 41. II. Ad madurinn á ecki ad kallaſt ófullkominn, heldur ein thvílík vera, ſem er lagud til theſs rúms og radar, ſem henni er ætlad medal ſkapadra hluta, ſkapfelleg vid thá almennu allsherjar ordu, og ſambjódandi ſer

óskjennbum tilgángi og fyrirætlun, lín. 89. III. Ad það se sumpart mannsins vanþecking um hið ósramkomna vid hann, sumpart von hans um sitt eptirkomanda ástand, sem farsæld hans í enu nærveranda er undirkomin, lín. 169. IV. Drambsemi sú, ad vilja girnast meiri þecking, edur kalla til stærri fullkomlegleika, er orsök til villu og eymdar mannanna. Hvørsu ógudlegt se, ad setja sig i Guds stad, og dirfast ad dæma um, hvad rett edur órett se, fullkomid edur ófullkomid, sanngjarnlegt edur ecki í hans verkum og tilskipunum, lín. 249. V. Hvørsu óvidurkvæmilegt og fráleitt se, ad innbirla ser alla náttúruna einasta mannsins vegna skapada, edur ad vænta stærri fullkomlegleiks hjá veroldinni í athæfi hennar innbyggenda, enn í hennar náttúrlegum skapnadi, lín. 289. VI. Hvørsu stóra óvitsku og ofdirfsku vjer hefdum í frammi vid gudlega forsjón, ef vjer á adra sídu óskudum oss englanna fullkomlegleika, og undir eins á hina dýranna líkamlegs atgjørvis, þar þó hvørn hellst af sansanna kroptum, sem madurinn hefdi á hærri troppu, enn honum er gefid, mundi það abia honum ófarsældar, lín. 385. VII. Ad yfir allt í enni sýnilegu veröld finnist ein almennileg, troppum saman uppstígandi orda,

svo

svo vel í sansanna eður formerkingarinnar, sem sinnisins gáfum, hvar af það kemur, að ein skepna er annari lægri, og þær allar hér á jörðunni lægri háttar manninum. Trúppugángur sá, sem er í formerkingu (Sands), sjálfleidslu (Drift), þánka, ígrundun, &c. Að skynsemin ein sé fullvæg við alla adra krapta, lín. 457. VIII. Hvörsu óendanlega víðt þessi orða og niðurskipan lifandi skepna hljóti að ná, bæði yfir ofs og undir, sem allt til samans gjörir eina keðju, hvörrar minnsti hleckur, ef slitnar, veldur því, að það heila hlýtur úr lagi að gánga, og fara í óreiðu, lín. 513. IX. Hvörsu ótilheyrilegt, heimskulegt og hofmódsfullt það sé, að dirfast til, að finna að ráðstöfun ens Almáttuga, eður vilja umbæta hana, og æskja sér annars rúms medal skapadra hluta, enn maður hefir, lín. 545. X. Alyktan alls þessa, sem er: að ofs byrji með fullkominni undirgefni, að fela ofs alðúngis á hendur guddómlegri forsjón, svo vel hvað vort nærverandi sem eptirkomanda ástand áhrærir, lín. 625.

Fyrsta Bréf.

Um mannsins náttúru og tilstand í tilliti til ennar heilu veraldar.

Lagid er: Gudi saung David dikt þennann.

Vakinn, eg bid, minn vinur! sért
Voldugra Fursta skarn-hofmód'
Eptirlát sérhvad einkisverdt,
Og ærugirndar blindri þjód!
Vid skulum, (med því vor lífs ár
Vart hrockva til ad skygnast um
Í veroldinni', og verda nár)
Vid slíkt ei létta gánginum! 8.
Nei, minnumst heldur manninn á,
Mannsins á leik og sjónar-vell,
Það er ein stór og fjolbryett fá,
Í fagri rod þó skipud oll.
Aldingardur, hvers bonnud bjork
Býdur ávoxt er freista kann;
Banvænum jurtum blandin mork
Blóma saman vid heilnæmann 16.
Kom! þenna skulum villu vág
Vídt ferdast um og skoda rétt,
Leita hvort horn og leyni-gáng,
Líka þar í hvorn opinn blett;

Horfa

Horfa gloggt eptir hvorri flot,
Og hædum ollum vel ad gá;
Já, engu skal vor ydn ólot
Adgjætnisverdu sleppa hjá.
Ei framar því, sem eptir jord
Omerkt lídur, og syrrist sjón,
En hinu, sem med hárri ferd
horfar í sky vid stjarna frón.
Fylgjum náttúru fastri slód,
Fótspor hvar sem hún lætur sitt,
Og dáraskap med djarfann mód
Dróma reirum á flugi midt.
Sérhvorn plagsid í sinni rót,
Sérhvorn lífernis prófum hátt;
Par sem gefst færi, hlæum hót,
Haf vid alvoru par sem mátt.
Eblum Guds dird í ollu þó
Æ jafnan kyni voru hjá,
Vorn skilníng, sem í villu bjó,
Vega-spor hans svo leidum á.
En nær til mannsins nidur hér,
Nær upp til Guds vér stígum þar,
Hvar, nema' á því, sem vitum vér,
Vorir fást byggdir hug-dómar?
Nú um þann, sem eg nefndi fyrr,
Nær ei vor frétt yfir lengra bil,
Enn medan hann í heimi kyrr,

Hef-

Hefir sitt stand, og enn er til.
Því verda bædi' ad hefjast hér,
Og hér ad lykta dómar þeir,
Um mann, sem eru mindader,
Manns stand og hagi sídarmeir.
Og þótt veroldum ótal í
Augljósann Drottinn gjori sig,
Í vorri skulum vér fyri því
Voldug hans rekja spóta stig.
Hann sem endalaust afgrunn heilt
Einn gegnum sjer, og skilid fær
Hvornig eitt (x) kerfi heims afdeilt
Hvorvetna tengjast ödru nær,
Hvar af loks verdur allt það eitt,
Engin takmörk, sem vidur þver,
Ein sífeld kedja svo margbreytt,
Ad sérhvor hleckur veröld er.
Hann sem plánetu hvorri og sól
Hefir stadfastar sjónir á,
Og ad sérhverri, er á þar böl
Ómissri tegund virdist gá.
Hann veit, hann gætur skírt oss skil,
Skaparinn nóg hvort hafdi rok,
Ad haga svo í heimi til,

Sem

(x) Heims kjerfi (Systema) ein veröld samsett af öllum þeim hlutum, sem í henni eru.

Sem hér er gjort fyri vora sok.
En hvort mun sál þín hafa med
Hugviti sínu gégnum þreyngst
Almættis verkid allt, og sjed
Öll hjól og fjadrir þar inn lengst?
Í smídi því hve náqvæmt nett
Nemur hvorr partur annann vid
Og, þegar allt er samansett,
Sérhvorr af þeim ber máta smid.
Veit hún hvors kraptar vidaukning,
Hve vex um tvöppur megin hvort?
Mun partur einn í mjóum hring
Mikid allt hondla, sem er gjort?
Sú stóra kédja', er sífleytt allt
Samanknýtir á eina lund,
Og heldur því í hóp ávallt,
Er hún í Guds eda þinni mund?

Fullt af sérþótta jardar jód!
Jeg veit, þú spyr ad orsok þess,
Ad þú komst hingad lýds á ló'd
Svo lítill, blindur og óhress?
En spyr, ef gétur, ádur ad,
Ei er léttari gáta sú,
Hvar fyrir miklu minni' enn það,
Meir blindur, veikur, ei komst þú.
Spyr módur þína sjorgyn fyrst:

Fyr-

Fyrir hvi ſkagar eikin há
Svo lángt uppyfir lýng og qvíſt,
Er liggja' í hennar ſkugga má?
Spyr feſting, yfir fold og haf
Fagurlega, ſem tjaldad er:
Hvi túnglum ſínum ollum af
Einn ad ſtærd beri Júpíter? 104.

Sé víſt: ad kérſi veraldar
Vísdómur Guds, þar audt var ſkaut,
Medal alls þeſs, ſem mogulegt var
Hid meſt fullkomna ſkapa hlaut,
Hvar allt má fylla rúmid rétt,
Ef rod ſkal haldaſt ordulig,
Og ſérhvor, upp ſem ſtigur, ſtétt,
Má ſtiga um troppur hvor fyri ſig, 112.
Þá er ſannleikur þetta hreinn,
Þvílík tegund, ſem madurinn er.
Í ſtiga ſképna ſtórum einn
Stad hlýtur víſt ad ega ſér.
Svo (hvad ſem lengi' er þrætt um þad)
Ad þeſſu verdur einu frétt,
Hvort vel og rétt í valinn ſtad
Vísdómur Guds hafi manniñ ſett? 120.

Hvad augum vorum órétt lítſt
Einaſta þegar manns er gjætt,

Hlýt-

Hlýtur þó rétt að vera víst,
Ef vidur gjorvallt því er bætt.
Í vorum gjordum, öll þó við
Allúð sé logð, hid þreyda' að fá,
Þúsund umsvifum með á mið
Megum þó varla' um sídir ná.
Þar á mót hræring ein að eins
Útrétta kann það Gud vill skéð,
Og svo sem önnur orsök leynds
Annars til hlutar þéna með.
Svo þótt manninum sýnist jord
Sérdeilis heyra þessi til,
Og hann, af þeim hún handa' er gjord,
Hafi forsætis æðstu skil,
Leikur hann kannské ödrum á
Ökénndum hnetti, sér þó leynt,
Eitt annad spil, sem ásamt má
Til ábls og gengis styrkja beint;
Þar kann eitt snortid hræraft hjól,
Hreisast kann spennisjodur ein.
Vér fáum ei það Almakt ól
Allt sjed, heldur þess litla grein.

Nær ólmur skynjad foli fær
Ferd hans hví nú er streitst á mót,
En ódum keyrdur endrarnær
Á að þverspora mold og grjót;

Og nær einn uxi þeckir þrár,
Hví þúngur plógur nú hann lýr,
Annad sinn krosnum undir stár
Egyptskur Gud, nú fórnar-dýr;
Manni þá fyrst ad sjá med sann
Í sínum heimsku-þótta tekst,
Hvar fyrir lýdur, hondlar hann,
Hingad og þángad gengur, rekst,
Hans tilhneigingar, vera, verk
Vegna hvors ætlud séu hér,
Og hví hann prældóms álog sterk,
En annann tima guddóm ber.

Kjær því ei Gud og segdu síst:
Sjá! fullkomnir ei erum vér,
Heldur, sérhvorjum vor er víst
Veittur sá algjorleiki hér,
Sem þvílík vera í þeirri stétt,
Þeim stad, sem hann er, borid fær.
Vort skyn er veikt, vér byggjum blett,
Um bifan augans hjorum vær.

Ádra síduna' af skapa skrá
Sképnu sjá hvorja lætur Gud
Ad eins, hvar þessarar stundar stá
Stand og kjor hennar áritud.
Manns þecking dýrum óljós er,

Hvad

Hvad Andi veit, er manni dymmt.
Hvad aumt líf væri' ei annars hér,
Og álag forlaganna grimmt?
Ef lambid, sem til dráps í dag
Dæmt hefir maga grædgi þín
Hefdi þitt vit og hyggjulag,
Hvort mundi þad um gras-bed sín
Hoppa svo kátt, og bíta blóm,
Já, blídri snapa túngu med
Framréttann þar til fingur-góm,
Fossa þess blód ad gétir sjed?
O vægdarfulla vanþecking
Vort um ókomid blídt og stríd!
Hvad ástúdlega' er allt um kring
Til allra sképna þér útbytt?
Ad mál-hring fylli sérhvor sinn,
Og sá tilgángur komi fram
Skýlaust, er alvís Skaparinn
Skicka frá eilífd henni nam.
Hann, sem med auga sama sjer
Særdann titling ad falla' á grund,
Og stríds-hetju, sem sterkust er,
Streymir til bana daudleg und;
Eitt sólskins mor og sólarhring.
Ur sinni rod ad gánga hvort,
Blodrukorn sundurstockva' af sting,
Og stóra verold hrynja burt.

Vert því audmjúkur, vona' og líd,
Vængjum skjálfandi bregd á flug;
Hinns mikla frædirs, banans, bíd,
Bid Gud og dýrka af ollum hug!
Hvílík sæla þér ætlud er
Ei leyfir hann ad vitir þú,
En gaf vonina þar til þér,
Ad þín sé líkn og sæla nú
Náttúru manns og ond er í
Eilíst hnoss vonar grundvallad;
Aldreigi sæll, hann eptir því
Alltíd hlackar, ad verda það.
Hans ond, nær leidist heima sút,
Huggun og ró þar enga fær,
Til hins ókomna hvarflar út,
Hægdir sækjandi í bygdir þær.

Blindann India-búa sjá,
Brjósti sá einfoldustu med
I reid og stormi raust Guds há,
Rás í skýjum fær heyrt og sjed.
Af hroka-lærdóms uppfræding
Aldrei svo mikid vit hann hlaut,
Ad dýra kjæmist hann ad hring
Huganum med, né vetrar-braut.
Þó hefir námlaust náttúran
Nærst huggun þeirri von hans opt,

Ad

Ad fiallatind bak vid fjarlægann
Finnast blídara muni lopt;
Ad betri verold eptir líf
Ódlast muni hjá skógi smám
Af þéttum vid og þyggja hlíf
Þar í forsælu' af stórum trjám,
Ad gróda-meiri', af grandi frí
Grund verdi' í skauti sæfar hans,
Hvar lokfins megi þræll og þý
Þraslaust njóta síns fodurlands.
Þar engin fjanda kremji qvol,
Og kristin aldrei gapi þjód
Af gull-fikn, heldur geiglaus dvol
Gefist hvervetna' á þeirri lód.
Þad hann sé til, hans óff er ein,
Af odru fær ei hugar-svim,
Um engla flug ei aktar nein,
Eda ljómann af Seraphim.
Í bjortu skýi, hann ber þá trú,
Bólstad nær odlast hafi sinn,
Ad racki, sem hann rækir nú
Rati þar líka med sér inn.

En þú, sem framar þykist vís,
Þín hugar-smídi veg ofbrád
Á heimsku met, sem hátt uppgvs,
Himins forsjónar móts vid rád!

Allt hvad þér fellur ecki' í géd
Ofullkomleika kalla þú!
Seg: hér ofnaumum mælir med,
Hér meir enn skyldi veitir sú.
Ad dægrastytting drep og qvel
Dyr sérhvort, eins og lystir þig,
Seg þó: ef mér ei vegnar vel,
Veit eg ad órétt skédur mig.
Ef Gud umsorgun ecki ber
Einasta fyrir manni' af leir,
Sé hann algjordur ecki hér,
Og ódaudlegur sídarmeir,
Þá er Guds verk og hegdan hans
Harla misjofn og órétvís.
Svo skér ad stjórnan Skaparans
Skimp, og med hálfverks nafni lýs.
Þrif sprotann þínum fodur frá!
Fyrir rétt kalla Dómarann!
Set hans veldisstól vit þitt á,
Víg til Yfir-guds þig sjálfann!
Ad vitid hyggur yfir sig
Í því er bróst og villa manns.
Sérhvorr vill uppá ædri stig
Af knettinum, sem þó er hans;
Því alltíd hærra enn hondin fer
Hofmódur seilast vill í tafn.
Engli madurinn æskti sér,

Eng-

Engillinn Gudi' ad vera jafn.
En sem englar, ad gjoraſt Gud
Er girntuſt, hrepptu ſliſa-ſor,
Eins munum vér, ef ofundud
Englanna látum tignar-kjor.
Því reglu hvorr vill roſna, þá
Næſir náttúru ſetti vís,
Í ofdirfd meſtu ſekur ſá
Sjálfum Jehóvæ móti rís.
Spyr: hvorjum jord til gagns er gjor?
Gullinn hvarfyrir rodull ſkin?
Þá gefur drambid þeſſi ſvor:
„Það er einúngis vegna mín.
„Nýjann frjófgunar nærir þrótt
„Náttúran ſtarfſom fyrir mig;
„Í hvorju blómſtri' og urta gnótt
„Ordláta jafnan tjáir ſig.
„Mér engla dryckjar veig í vil
„Vintréd úthellir ſérhvort ár,
„Og mín dáſætum andar til
„Ylm, hid ljúfaſta róſin klár.
„Margfold námunnar málmrikt ſkaut
„Mér fram audæfi býdur ſín,
„Og ſérhvort tré med limum laut,
„Ad láta' aldini rétt til mín.
„Já, heilſu medol ótal af
„Uppſprettum renna mér í hag.

„Sólin á himni glæstum gaf
„Glansa, svo lysi mér hvorn dag.
„Á sjónum veltur aldan sr,
„Audlegd minni svo skili brádt.
„Foldin er minna fóta skor,
„En fogru ský eru þak mitt hátt.“ 312.

En mun náttúran aldrei þá
Af þeirri skeika gjædsku braut?
Blossanda lopti beint nær frá
Bleikur daudi, sem píla þaut?
Ad stýflum brotnum stormur nær
Strýkur burt hvad, sem líf er í,
Edur jardskjálfti' í eina slær
Allt nidur grof, land, fólk og bý? 320.
„Nei, Allshofundur (ansa menn)
„Vid adgreind log er bundinn síst,
„Heldur í verki hvorju senn
„Hinum almennu fylgir víst,
„Hvar undantekning, en þótt sá,
„Og umbreyting á stundum sér.
„Og hvort mun skapast hafa sá
„Hlutur, sem rétt fullkominn er?“ 328.
Þú hermir rétt — en hví vilt einn
Heimta fullkominn manninn þá?
Sé hans vellidan sá marksteinn,
Er sérhvorr hlutur stefnir á,

Og

Og þó stundum á ymsann hátt
Ut af því bregdur náttúran,
Hvad er ad furda, þó ad þrátt
Þar frá og víki sjálfur hann? 336.
Ei krefur framar út þad mid
Einskordad form í vorri leit,
Enn ad skiptist med sama sid
Sólskin jafnan og dogg á reit;
Ei framar sífelldt logn í lund
Og laungum keiprétt þánka spor
Enn ad heidrikt sé alla stund,
Og aldrei nema blída vor. 344.
Ef Guds rígfastri rádstofun
Raskad jardskjálfti' og pest ei fá,
Hve þad Borgía megna mun
Meir, edur Catilína þá?
Æ, drambid! drambid orsok er,
Oss sjálfa þeckjum vér svo litt,
Um náttúrunnar hlaup, og hér
Hvad hendir, illa dæmum tídt. 352.
Hvorr veit nema sú hond al-rád,
Sem hordum skruggum þeytir ljóst,
Mátalaust ærugirndar grád
Gefid í Cæsars hafi brjóst?
Veitstú nema sá vo-skap hafs
Og vængi storms fær hvest og deyst
Hafi til landa og lýda straffs

Laus-

Lausum fram Alexander hleypt? 360.
Alyktan vor um aldar sid,
Eins og um hitt, er skyldt ad sé,
Sem náttúrunni víkur vid.
Vér gétum ei med réttsýne
Forsvarad Gud í seinni sok,
En sett ens fyrra skuld á hann.
Um hvorttveggja' eru rétt leidd rok,
Ad rádum hans sig feli mann. 368.

Máske þér þækti betur bygd
Bædi, svo sem þinn hugur kaus,
Ad þetta væri' ei utan dygd,
En hitt samhljódan greinarlaus;
Ad sífelldt logn um lopt og sjó
Leyfdi þeim aldrei vinda gný,
Og sinnis hvorgi raskist ró,
Rád og skynsemd sé alltid frí. 376.
En hofudsképna stodugt stríd
Stadfast er þad, sem ajorir allt,
Og hofudsképnar lífs hjá lýd,
Lyndishneigingar vita skalt.
Skipan, sem alvís Andi, Gud,
Undverdri náttúrunni gaf,
Ein og sem manni' er implantud
Allt frá því veröld tók upphaf 384.
Hvad þá manneskja hyggur slík?

Hún

Hún flýgur stundum upp, ei skammt,
Og, þótt svo gott, sem englum lík,
Á annad meira stundar samt.
Aptur eins tvist og hugar hreld
Horfir nidur og klagad fær,
Ad bol-magn nauts og bjarndýrs-feld,
Né beittar þess ei hafi klær. 392.
Fyrst hún keppir, ad sérhvor sé
Sín ad eins vegna sképna gjör,
Væri það nockur nytseme,
Nær hún er sjálf, sem þeirra hvor?
Orlát og góð, án óhófs þó,
Afqvæmum sínum náttúran
Megn og líkama mínd þeim hjó,
Mest er sérhverju þéna fann 400.
Og forsjál mjog, ad fylla af nægd
Þar finnast mundi nockurs vant,
Hér medur abli, hér med slægd,
Hér med skjótleika, lét sér annt,
Allt mátad vid þá hæd og hátt,
Sem hagur hverrar sképnu ber,
Stikad, svo hvorki stórt né smátt
Stofnad, má betur æskja sér. 408.
Anægt vid takmork úthlutud
Unir qvikindi hvert og dýr,
Er þá manninum einum Gud
Of-hardlyndur, og gjof hans rýr?

Skal

Skal hann þá, hvorjum skyn háleitt
Og skilnings brúkun eignum vér,
Med yfirtak ei nægjast neitt,
Nema' hann allt fái, sem til er.

Nei það er fjærri farsæld manns:
(Fors og dramb hvad sem móti ber)
Ad áskopudum hogum hans
Hærri sé makt og vitsmuner:
Ad kropps og sálar kraptur þá
Komist ei yfir troppu, rétt
Vora náttúru vid sem á,
Verdur ástandi hvors manns létt.
Hví gafst ei manni svo næm sjón,
Sem vid stæckunar jafnist gler?
Því hann byggir ei fluga frón.
(Fáordt, minn vin! eg svara þér)
Hvad mundi þeim af Adams ætt
Augna skarpleiki gagna sá,
Ad ost-maurs parta gjæti gjætt,
En gjæfist himin ei ad sjá?
Tilfinning hvad svo notar næm,
Ad naud-qvalrædi daudans efld
Sérhvor hans findi sin vidqvæm
Med sárri titrun veik og skélfd?
Hvor væru gloggra nasa not,
Ef neggull, ad þá berast kann,

Slæi

Slæi hjartad og heila' í rot,
Hans sterka lykt svo deyddi mann?
Já, hellst til opnum hlustum í
Hljód hvort ef væri skruggu-slag,
Og uppknatta vid organs gný
Ærdist manns vit og sinnislag?
O! hvorsu mundi' hann óska þá,
Aptur ad fengi numid hlust
Vatns nid, þar fram sér veltir á,
Og vestan- hægt blásandi-gust?
Hvorr fær þá ecki fundid, ad
Forsjón Guds (hvort sem litum vér)
Ei nockud gjorir nema það,
Nóg og rétt orsok, sem til er?
Og hvorr fær annad hermt enn sú
Harla réttvis og nádug sé,
Svo vel í þot, hún synjar nú,
Sem hinu' er láta vill í tje.

Svo lángt, sem sképna skari nær
Skagandi mjog vídt rúm igégn,
Allt eins lángt taka troppur þær,
Er tempra vits og sansa megn.
Sjá! hve þær stíga fót fyri fót
Frábrugdnu mannsins tegund ad
Upp frá skrid-miori, sem á sjót
Samlitt um grænnrar jurtar-blad.

Hve munar sjónin morg um stig
Moldvorpu þyckvum vagli frá,
Uns fyllt er hæd sú undarlig
Ad lhnxdhrinu, er best kann sjá?
Ymanin, frá því inna ljóns
Uteygd grúfir á nosum sér,
Til hundsins, sem í saxi fróns
Finnur hvorsu létt spor sem er? 472.
Heyrnin, ollu því fjori frá,
Sem fer um vatnsins duldu gaung,
Til hins, sem vor-dag hýrann á,
Haudrid lifgar og skóg med saung?
Hve tama' og næma tilfinning
Tjáir vefandi kónguló
Þrád hvorn í vod er þreifar sling
Og þrumir strengja tog ormjó? 480.
Hve venju nærri, vissann sans
Vinnusom hefir bíflugan,
Er jafnvel hunángs ærnann fans
Af eitur-jurtum sjúga kann?
Hvad daufann hefir edlis ód
Óbeckt rótandi svína skrýll,
Ef honum jafnar þinn vid þjód
Þú hálf-skynsami stóri fíll! 488.
Hvad ómerkjanleg eru skil
Ómálga vits og skynsemdar?
Adgreind þau jafnan eru til,

Æ!

Æ! þó hvort odru nærri var.
Minnid skilníngi mjog hvad er,
Med eptirþánka, gjæddum líkt?
Munur hve lítill milli ber,
Ad merkja til, og grunda ríkt? 496.
Hve medal-verur mjog svo nett
Med jofnum troppum saman ná,
En mál-hríng sinn og merki sett
Megu þó yfir hvorgi gá?
Og væri' ei ollum verum á,
Svo vis rod nidurskipunar,
Gjæti þær ein und' annari, já,
Undir þér stadid gjorvallar? 504.
En þar þér einum unnt er nú
Ad yfirvinna kràpta þá,
Hjá hvorri finnast þeirra, þú
Þar bid eg, leggir Dóminn á,
Skilníngur einn, sem skipt er þér
Og skynsemd hárri vidurknýtt,
Jafnvægi fullnóg ei hvort er
Allra gáfna, sem þeim er býtt? 512.

Sjá! hve skapnadar efnid allt
Utbreidist líf og fijósgun med
Í lopti, jord og log ávalt
Svo lángt vor augu géta sjed!
Hvad endalaust má ætla þá

Ut muni lifi' og fképnum dreift,
Hvad hátt, hvad vídt um-hverfis, já,
Hvad djúpt í afgrunn nidurhleypt?
O þá veranna feikna fjöld!
Festi, fem ei hefir þrot né bil!
Frá Gudi nidur Anda' ad eld,
Engla, líkama, manna til!
Til dýra, fugla, fiskakyns,
Foldskrida qviks, er ei má sýn
Né gler adkomast, hæd frá hins,
Sem hvorgi lyktar, nidur til pín;
Frá þér til þess, sem eckért er. —
Edri náttúru vilkjor há
Ef kynnum yfir-komast vér,
Kyni lakara hlytum þá
Vort egid rúm ad láta léd;
Í lángri kédju skopunar
Annars, þar bjuggum, yrdi sjed
Oskipad bil, þad hvorgi var;
Þar sífellt verna samflotan
Síst gétur lidid minnsta skard,
Né stiginn troppu neinnrar van.
Numinn hvorr lidur burt sem vard
Fyrsti' edur þúsundasti þar
Ur þéttri náttúrunnar red,
Oll kédjan sundurbrostin bar
Bana-spell, þar vid allt eins hrod.

Og

Og þar í réttri rod ávallt
Rennur hvort kérfi' upp sína braut,
Þvílikri rod, ad á henni' allt
Hid yfrid stóra rída hlaut,
Þá er sjálfsagt: ef aumast eitt
Í einu minnsta skeikar hót,
Ei er þad kérfi' ad eins umbreytt,
Allt hrynur þá, og fer í rót. 552.
Lát á þrom reista þessa jord
Þeitast af jafnvigt sinni' og hring!
Sérhvor plánéta sid-laus gjord
Og sólin villtust lopt um kring.
Lát ondum veldis vegi frá
Og verdugleika nidursteypt!
Eina veru lát odrum fá,
Einn heimiñ fleirum tjóns, af heipt! 560.
Himins grundvollur hræraft mun,
Hristing náttúru færa brádt,
Allt ad Guds hástól umturnun,
Öll nidurradan hverfa' og sátt.
Fyrir hvorn? — skal þad fyrir þig?
Fold-skrida totur! ókynjan.
Ó fiblska! drambsemd fávislig!
Ó forbannada gudlastan! 568.

En ef þinn fótur, yfir jord
Ætladur þér fyrir naungu-lid,

Ellegar hönd til yðju gjörð
Ofund höfudið legdu við?
Ef tángan þrjótsk og ennis-sól
Upphefdu grát og klogumál,
Af því þau, svo sem önnur tól
Utrétta það, sem býður sál?
Ótilheyrilegt eins er það,
Ef einhvörr partur lítt því kann,
Að í heiminum annars stað
Ecki var byggja látinn hann;
Ótilheyrilegt meglan með
Móti hlutskipti' að taka því,
Sem fæck víslega fyrirsjed
Faðir alls hvörjum veröld í.
Af endalausu öllu hver
Er vera' og hlutur partur einn;
Líkhams náttúran líking ber,
Lífgandi sálar Drottinn hreinn,
Sem yfir allt er sami, þótt
Sig tjái gudleg verkan hans
Með tilbreytingum ótal ódt
Í öllum þörtum (2) líkamans
Ei síður stór um hauður-hvel,
En há-tymbradann mána-stól,
Sá hægum kjælir vindi vel,

Og

(2) Líkaminn merkir í þessum stað alla náttúruna, sjá lín. 587 rett áður.

Og vermir allt med hlýrri sól.
Sá stjarna fyrir heid-blik hýr
Í hvorgi veiktum loga skín,
Sá hvort eitt tré med blómstrum býr,
Og blodin grosum veitir sín
Sá fjori lifir ollu í,
Og útbreidist í serhvorn stad,
Af minnsta krapta mussir frí,
Med hverjum hann fær siverkad.
Á allar sidur, enn þótt sé
Oskiptanlegur, dreifir sér,
Sá ofs andar í sálunne,
Sá vorn líkama hrærir og ber.
Eins fær í hari' og hjarta lýst
Hann sig algjorla dirdlegann,
Og full hans tign sig vottar víst
Hinn vesælasta gégnum mann,
Er sálar óró sinni' og hrigd
Med sárum stunum lætur ypt
Sem háann anda' í himna bygd
Er heitum bænar ylm fær lypt.
Hans vera takmork hefir ei',
Hans vidur jafnast enginn mátt.
Honum fyrir er hátt aldrei,
Ei heldur lágt, ei stórt né smátt.
Í vídu ríki sínu sá
Samantengir og fyllir allt.

Oss, jafn-nálægur, ollum hjá,
Í vor sérhvorjum býr ávalt.

Grunda því, ad vor gjæfu kjor
Gétur það, sem vér lostum nú,
Og aldrei rétta ordu gjor
Ad ófullkomlegleika þú!
Þeck sjálfs þíns púnct, það litla land!
Lít, hve kjærlega Gud og rétt,
Vidmælt þitt blinda' og veika stand,
Valdi það rúm, sem þér er sett.
Vertú gladur, og væntú þér
Víst þeirrar lucku hlutdeildar
Í odrum hríng, ef ecki hér,
Er þú kannt móti taka þar.
Hugga þig ovuggt vald það vid,
Svo vel er ollu stjórna kann,
Og trú ad Herrans handar lid
Hag þinn æ gjorir farsælann
Hvort heldur nú er fjor þitt fyrst
Í fæding, edur vid sín þrot.
Því oll náttúran er ein lyst
Of vond fyrir þín heilabrot;
Ein kunst, þú hvorrar knýttu bond
Kénnir ecki til fulls, né sjer.
Alla tilviljan ossen hond
Ens Almáttuga framleider.

Allt stríd er raunar samlynd sætt,
Sem skyn þitt yfirgengur lángt,
Yfir hofud er allt ágjætt,
Enn þótt í þortum sýnist rángt.
Þrátt fyrir villta þeckings manns,
Þackarlaust hofmóds lyga frétt:
Sú frétt er eilíf sannleikans:
Sérhvad sem til er víst er rétt. 656.

Annad Bréf.

Innakid:

I. Madurinn skal ecki þenkja, þad hann kunni Gud ad útgrunda. Þad hann umvardar, er ad ástunda sjálfs síns þeckíngu; síns medal-stands, krapta og veikleika, frá lín. 1 til 48. II. Þaug tvø grundvallar atridi mannlegrar náttúru: sjálfselska og skynsemi; hvørutveggi naudsynleg, lín. 113. Sjálfselskan þeirra sterkari, og hvarfyrir, lín. 145. Tilgángur þeirra er einn og hinn sami. lín. 177. III. Tilhneigíngarnar og þeirra nytsemi, frá lín. 201 til 300. Sú drottnandi tilhneiging, og hvørsu sterk hún se, frá lín. 301 til 361. Hvørsu naudsynleg hún se til ad framkuýa

mann-

manninn ad ýmislegri markstefnu, lín. 361 til 370. Hennar stóra nytsemi í því ad gefa serhvorri manneskju eitt stødugt náttúrufars audkjenni, og dygdinni meiri styrkleik, lín. 393. IV. Dygd og løstur sameinud í vorri bløndnu náttúru. Peirra takmørk sín á milli sameinud, þó hvorutveggju adgreind, adskiljanleg og fyrir skynsemina nóg audpeckjanleg hvor frá ødrum, frá lín. 449 til 485. V. Hvorsu ljótur løsturinn er í sjálfum sér, en kann þó audveldlega og ómerkjanlega ad smeigja sér inn, og gjøra sér þolanlegann, já, gedfeldann, lín. 485. VI. Ad eilgángur, ennar guddómlegu forsjónar, sem er hid almennilega góda, hafi þó ei gd sídur sinn framgáng í vorum tilhneigingum og ófullkomleglcika, lín. 529. Hvorsu nytsamlegar þær seu til felagskapar, lín. 561, svo vel sem fyrir hvørn mann serdeilislega, lín. 585, í serhvorju standi, og á serhvorjn aldurs skeidi, lín 609 til enda.

Annad Bréf.

Um mannsins náttúru og ástand í tilliti til sjálfs hans, sem einstakrar veru.

Svo djarfann aldrei haf því hug,
Ad Herrans veru ransaker.

Grunda

Grunda, þad skilnings syrir flug
For hátt þín sál ei skopud er.
Nei, sjálfann þig, þad sómir best,
sé þér ad kénna mjog um annt;
Því þad sambýdur manni mest,
Manninn hvorvetna' ad þeckja grant,
Þá merkis-veru í medal-stétt,
Millum afgrunna tveggja, sem
Himins visdómur hefir sett
Í hring svo mjónum rétt vid þrem.
Su þótt í myrkrum sveymi kind,
Sannleik og ljós þó hondla kann,
Nú hygginn, vis, nú hrum og blind,
Nú hraust, nú full med breiskleikann.
Visari' enn svo, vid vasa reyk
Vada þurfi, sem (3) efandinn;
Þó fávis til ad fjolsvinnleik
Flock med (4) Stoiskum mikli sinn.
Millum hvorstveggja vafrar villt,
Vitandi litt hvort hvíld og ró
Stunda skal, edur starf ómildt,
Stjá og annriki siseldt þó.
Vissulega hvar alls á medal má
Ad metum réttum skipa sér;

Hvort

(3) Efendur (Sceptici) kolludust einslags Heimspekingar, sem efudust um alla hluti.
(4) Stoici vóru adrir, sem trúdu ollu.

Hvort veru dyrs ad eins hún á
Edur sig Gud má nefna hér,
Fremri líkamann edur ond
Dvíss, hvort rétt ad dæma sé,
Og hvad um þeirra huldu bond
Halda byrjar og samneyte.
Margflækt óskipan! samansett
Sinnis-lídan og þenking af,
Afvegaleidd og endur rétt
Af eigin voldum, þrátt sem gaf.
Fetum óvissum sjorhlaups alls
Fram og aptur sjest reyka hér;
Hálft til vegsemdar hálft til falls
Heidurs og forakts skopud er.
Herfáng sérhvors, sem mæta má,
Mektugur alls þó Herra sé.
Kringleidd, svo hvíld er einginn á,
Í þúsundfaldri villunne,
Sjálf þó ein-dæmir sannleikans,
Sómi vors heims og blómi nú
Aptur leikhnottur aumur hans,
Eitthvad, hvors gétid fær ei þú!
Vættur undrunar-verda! far
Viti framleidd og þecking af;
Flóds skorda tíd og sjornmar,
Fær lopt á vog; mæl jord og haf;
Hasla plánetum hlaup og vell,

Him-

Himin-Knottunum megn út tel,
Horn merki tímans umbæt öll,
Ak-braut sína lær fagrahvel
Fylgst med Platóne, fleig þér snar
Hjærst og efst uppá himininn,
Til fyrstu, bestrar, fegurstrar
Og fullkomnustu veru inn.
Med hans úreldtri sveina sveit
Sveitst við, þér ærdann heila' að fá,
Guddómlegt þína heimsku heit
Og himin-numid sinni þá!
Eptir Presta sið austur-vángs
Apa sólar er gjöra sig,
Og halda form sé hennar gángs
Hofud-kost þeirra fánalig,
Vík; og eilífann vísdóms mátt,
Vel þú að skapa' og stjórna lær,
En sock í þig um sídir brátt
Sjálfann, og kénn að þú er ær.

Nær andar hærri litu log
Og leynda reglu daudlegann
Náttúru grunda núlega, mjog
Nam, þá undran að þollikann
Fródleik og vísdóm findu hjá
Fold-skoptum manni; þar fyrer

Vorn mimla Newton mottu þá
Með sama prís og apa vér
En réð hann þá, hvors regla sling
Rás halastjarna jafnvel batt,
Að géfa sinni gédshræring
Gáng-form alls einnri fast og stadt?
Sá upp- og nidur-gaungu gloggt
Gat púnkt hjá stjornum fundinn tjed,
Fèck hann sitt veru frumspor snoggt,
Fullt hennar mid og tilgáng sjed?
En hvor vill undrast þetta? þar
Þeytt sér óhindrad sálin fær
Frá einni ment til annarar
Á efsta skilnings topp því nær,
En þegar sitt hid væna verk
Vill fá til gagns af hendi leyst,
Tilhneging nidur steypir sterk
Strax því er skynsemd hafdi reist.
Veginn því eptir þecking þræd,
Þó vid alsvinnu leiddur mund,
Hofmóds gorti fyrst hana' afklæd
Hégómans allri skrúd-tegund,
Lærdóms vidhofn og vellysting,
Veigalaust spaug sem nefna ber;
Tak þraut konstríka, tilvik sling,
Að tjá hve sterkur heilinn er!

Frá, hvad um of er, ſkafid ſkal,
Skin-táli ſtunda, burt ſé fleygt,
Sem inn í lofsverdt liſta tal
Leſtir og óhóf fengu ſmeygt.
Sjá þá, hve rír er ſumma þeim
Sú af leyfum, er eptir ſtá,
Sem alltíd ſtodad hefir heim
Og honum gagns mun jafnan ſá 112.

Gud baud, ad rédu innra' í ofs
Dblugar hleypi-fjadrir tvær
Hvortveggi nærſta nytſom hnoſs,
Nær rétt brúkadar eru þær;
Sú eina' ad hvetja ſálar for,
Sonu þá hin til ſtjórnunar,
Sinn viſſann tilgáng hefir hvor,
Og hvor ſitt verk ad fremja þar 120.
Sjálfselſkan hvetur ſinni manns,
Sú rekur fram og hrærir þad.
Skynſemin letur hugfar hans,
Nær heldur geiſt er upptendrad.
Beggja réttvíſri brúkun af
Breytni hvor gód og dygd upprann,
En misbrúkan í ávoxt gaf
Dfullkomleika gjorvallann. 128.

Sjálfselſkan hlýtur ad færa fyrr
Fjor, gáng og þrótt í ſálar ſtarf,

En jafnframt hennar eldi kyrr
Ígrundan mannvits stýra þarf.
Án hinnar fyrri værum vér
Varanda dosa svæfdir fast,
En ydir vor hvor og atburder
Óð-villir, nær þá seinni brast.
Sem jurt, er hlýtur stad-kyrr stá
Vid stilk og rót, þar plontud var,
Vex upp, blómgast og visnar á
Vángs-bletti litlum, ellegar
Sem elding sá, er eydir sér
Ódrum med því ad granda tídt,
Og utan reglu flug-óð fer
Fárlega gegnum loptid vídt
Hin fyrri sett til ad hvetja dád
Hard-ebli knýr og dregur mann,
Hin seinni gefur réttvís rád,
Med rósemd spakri stillir hann.
Midi því nær sem madur er
Meir eykst en fyrri vidur það,
Alengdar hvad en seinni sjer
Og sig þar lítid gefur ad.
Það góda, sem er greipum nær,
Gétur en fyrri þeckt og sied,
Og það án tilstyrks fundid fær
Fullgloggt skilníngarvitum med.
Skynsemin lengra skygnast nam,

Ske

Ské hvad líklega sídar má;
Hvad leidast muni' af hvorju fram,
Og hvors vér bídum, þenkir á.
Hin ber freistanda megn á mann,
Meir enn sigranda þessi róm.
Og ad sídustu svo felldann
Segja má yfir bádum dóm:
Sjálfselskan brúkar meiri makt
Menn vid, og strengri skipaner,
En greind skynsemi gjætid, spakt,
Og grandvarlega med oss fer
Skuli sú ei, sem meir ber megn
Meinsamt ok leggja þér á bak,
Hinnar ráðum og hjálp þú gégn,
Og hennar leidsögn blídri tak!
Kostgjæfni, vani' og reynsla rétt
Ramma sjálfselsku þvíngi' í ond,
Svo skynsemin í stjórnar stétt
Styrkt fái jafnan yfirhond.

Lát skólastiska mælskumenn,
Misgrein er vilja í ollu sjá,
Med ofvitsbrogd sín ófvífen
Og ærna heilabrota þrá,
Fá komid þessum tveimur til
Tengdum, áflog ad heyja sterk,
Formerking skynsemd burt frá bil

Borid, dygdinni nádarverk.
Opt fá lærdir um eintóm nofn
Ovitru kappi styrjold þreytt
Þó tídt sé meining þeirra jofn
Og þess á millum ecki neitt.
Sífelldt skynsemd og sjálfselskan
Sama takmarki vilja ná,
Allt fordast þær, sem ángrar mann,
Allt stunda þær, sem gledja má.
Þessi hvad hellst, sem gyrnist gér.
Med grædgi lætur til sín hrømmt,
Hin ad eins dregur hunáng sér,
En hvorgi lætur blómstrid skémmt.
Stundum lysting vort stærsta hnoss,
Stundum hid mesta verdur tjón,
Eptir sem rángt eda rétt af oss
Rennt er á hluti þreyda sjón.

Adskiljanlegu móti med
Mannsins sjálfselska vottar sig,
Hvar vid uppris til skiptis skéd
Skapsmuna hræring margvislig,
Alltid grundvollud, bygd og brýnd
Á bata þeim og hugar-fró,
Sem annadhvort eru sonn eda sýnd
Svo, enn odruvís reynast þó.
Nú med þol fyrir vorri vér.

Vell-

Vellídun sorgum rétti med,
En gétum ei svo gloggt sem ber
Gjæda kyn hvort í bragdi sjed,
Þá kann lysting ad vera vor
Vitsmunum hlýdinn, jafnvel þótt
Egin nytsemdar einhvor spor
Á henni megi kénna drótt.
Nær leysd ein brúkar medol mann
Midi, sem girnist, til ad ná,
Lystingarinnar horf á hann
Heim vid skynsemi komast má,
En nær metum hid góda gott,
Á gagn vort án þess lítum vér,
Gofugs edlis fær gildann vott
Girndin, og dygdar heiti ber,
Dárlegum fánginn dofa lát.
Dussa med stóiskt hugarfar
Brúka sitt raup og stóra stát,
Ad standi' hans dygd án bifunar.
Hún stendur og, en það er þá
Þvílíkt, nær allann krapt og yl
Kuldi þeim ytra kroppnum frá
Kreppir í dróma hjartans til.
Nei, striti séum alltíd í,
Aldrei tómlátir sporum þrótt;
Kraptar vidhaldast þels af því;
Þrátt hefir sálar vind kast ódt

Uppgefnu hrundid ſtarfi af ſtad;
Pott ſtormur ſá þó géti hrært
Einhvorja parta', og aflagad,
Ei er þeſs heila neitt fortært.
Oſs rekur lifs um barótt bif
Sem bát af ymſra ſtorma dyn,
Andar byr eru ſinnis ſvif,
Segulſteinn hennar ſkynſemin.
Gud ſjálfur lætur alltíd ei
Í kyrru logni finna ſig;
Hann hefir eins í hvoſſum þey
Háſæti bygt ſér tignarlig.

A-ſkapad vorum ſvo þótt ſé
Sálar lyſtingum ſtyrjold þar
Ad etja hver mót annare
Eins og frumſképnum veraldar,
Samblandnar þó, og myktar meſt
Megu þær áſamt koma ſér,
Himinſufs vidur forlog ſtt
Ad fella hvad ſem gjorum vér
Ætla þott bondin aldrei þér
Uppleyſa, þau hann ſjálfur vóf;
Nei, brúka þau, ſem byrjar hér,
Bodi náttúru fylg vid hof.
Faſt vid igrundun frekri haldt
Fýſn, þinni ſál er implantud!

Sjá,

Sjá, hvad þú megnar, er það allt,
Æ lát vit stjórna þér og Guð!

Von og fognudur, ást og allt
Eptirlæti sem tilheyrer,
Ótti, hugsýki, hatur kalldt
Og hvad ógledi med sér ber,
Nær innan skorda sínna' er sett
Sérhvad í hæfilegann stad,
víslega niðurradad rétt,
Og rádsvinnlega samblandad
Í stod'gri jafnvigt studda fær
Stridandi sinnis parta þá,
Sálar flúr þessi skýjud og skjær,
Skuggsjá hvorra mjog yndis-há
Og hvorra saman-pentan prúd
Í portum og því heila jamt
Minda fullkomid málverks skrúd
Og megin lífs vors oll ásamt

Í hugar sjón eda hendrum tveim
Hofum æ lystisemdir vér;
Nær haldid fá ei þessar þeim,
Þær tekur hin med von ad sér.
Sérhvor ver ollum sálar þrótt
Sínum þar til og líkamans,
Þær nærverandi' ad fánga fljótt,

Og

Og fá þær, von tilstendur hans. 288.
Tofra makt alla tídka þær,
Tjá sig þó jafnt ei ollum gégn,
Sinn vegimn hvors á sunna fær
Af sousum vorum hlutar megn.
Uppstígur hér af í vort géd
Ymsann veg háttad þánka brjál,
Sem stundum ábli meira med,
En minna stundum, hrærir sál. 296.
Allt eptir því sem áholdin
Um hvor skilníngs verkan fer.
Eru fullkomin edur lin.
Í egin líkham finnum vér
Orsök til þess, ad adal-girnd,
Einvalds berandi hjá oss mátt,
Sem Aarons nadur einn í fyrnd,
Uppsvelgir hinar minni brádt. 304.

Sem ad líkindum, undir eins
Á augabragdi' og fædist mann,
Duldu frum-sædi dauda meins
Dálítill móti tekur hann;
Sídan það plantad eitur úngt,
Af hverju madur lokkins deyr,
Vidgáng tekur og verdur þúngt,
Sem vex hann sjálfur og eldist meir, 312.
Eins fékk hofudlyst hans upphaf

Hulinn

Hulinn gedsmuna ſyki manns,
Brádt vid ſad efni, hann bygdiſt af,
Blondud og innrætt veru hans.
Lifs vokvi hvorr, ſem laginn var
Til lids gjorvollu ſinídi ſvi,
Henni til ablz má ſéna par,
Ad ſryckjaſt géd og likham í
Svi framar ſálar opnaſt ós,
Utbreidandi ſinn krapta log,
Fær innbirlingin leidt í ljós
Leik ſinn, og íſrótt hætta mjog,
Og vora ſecking alla hljódt,
Einnig lyſtingar draga vann
Ad parti ſeim, er ádur ſórt
Innbrack, ſvo framar veikiſt hann.

Af náttúrunni hún frumkom fyrſt,
Fóſtrar vaninn á ſidan ſá,
Fyrir vitid og frædnis lyſt
Frekaſt hún æ og verdur kná;
Einnig ſjálf gjordi ei utan jók
Erinn krapt hennar ſkyſemin,
Likt ſem edikid í ſig tók
Enn meiri ſúr vid rodul-ſkin
Peſſi, hvor ſó med rétti rád,
Raunar veik ſjálf, yfir manni ber,
Girnd ſá ad vin ſér hefir hád,

Er

Er hlýdum mest, og unnum vér.
Æ! ef hún reglur einar kann
En engin vopn, ad sigra med,
Hve fær hún meir eñ fræddañ mañ,
Ad fetad géti, enn ecki sjed?
Hvad meir enn kénnt oss hjálparlaust
Ad harma vegna breiskleikans?
(Aklagari med oblga raust,
En, því verr, styrklaus vinur mañs!)
Hvad meir enn svo sem talsmanns tal
Til þess rádid, er fellumst ad,
Og hauda gjort ad hófi val
Í hesdar traustir forsvarad?
Af meintum stærir sigri sig,
Í sál ad eins ef gétur qveikt
Rád-girnd eina, sem ridur á slig,
Og rekur lid burt hinna veikt.
Svo meinar læknir, vonda vís
Vessa kropps drifi ment sín út,
Þá samandragast þeir, og ris
Þar af varanleg yktar-sút.

Náttúrunnar vér þurfum því
Þjódbraut og leidslu fylgja rétt.
Skynsemd voktunar er hér í,
En ei leidsagnar skipud stétt
Hún gjorir allt, sem best, er ber,

Ef

Ef betrad fær, en ecki svipt,
Og vid þá girnd, sem vald-mest er,
Vin heldur líkt, enn sjanda skipt,
Oblugri kraptar ósjen mund
Ein má ráda, hvar lendt er vid,
